

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 32/2019

2019/EES/57/03

frá 29. mars 2019

## um breytingu á VI. viðauka við EES-samninginn (Félagslegt öryggi)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/500 frá 25. mars 2019 um viðbúnaðarráðstafanir á sviði samræmingar almannatrygginga í kjölfar úrsagnar Sameinaðs konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu <sup>(1)</sup>.
- 2) VI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 1. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004) í VI. viðauka við EES-samninginn:

„1a. **32019 R 0500:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/500 frá 25. mars 2019 um að koma á fót viðbúnaðarráðstöfunum að því er varðar samræmingu almannatrygginga í kjölfar úrsagnar Bretlands úr Sambandinu (Stjtið. ESB L 85I, 27.3.2019, bls. 35).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2019/500 sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. mars 2019, eða daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hefur farið fram, eftir því hvor dagsetningin er síðar (\*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. mars 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Claude Maerten**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 85I, 27.3.2019, bls. 35.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.